

# Íslenska 4.bekkur V20

---

Kennarar: Inga Sigurjónsdóttir; Rannveig Haraldsdóttir

4

## Lýsing

Þetta er kennsluáætlun í íslensku í 4.bekk, vorönn 2020.

Hæfni nemenda er metin jafn óðum. Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

## Viðfangsefni

Rauði þráðurinn í öllu íslenskunámi í 4.bekk er að þjálfra lestur, lesskilning og að auka orðaforða nemenda.

**Lesskilningur** - Ólíkir textar lesnir og unnið með skilning á þeim.

**Málfræði** - Nafnorð, lýsingarorð og sagnorð. Hvernig þekkir maður þessa orðflokka? Nemendur kynnast byrjunaratriðum í málfræði

**Stafsetning** - upplestur, grunn stafsetningarreglur lagðar inn s.s ng/nk reglan, greinir, tvöfaldur samhljóði, glósubók

**Æfingalestur:** Nemendur lesa upphátt fyrir kennara

**Heimalestur:** Nemendur lesa upphátt heima 5x í viku

**Yndislestur:** Nemendur lesa bók að eigin vali

**Upplestur:** Nemendur lesa upphátt fyrir samnemendur.t.d úr sögubókum.

## Skrift:

Nemendur æfa sig í að draga rétt til stafs

Nemendur æfa sig í að halda rétt á blýanti

Nemendur æfa að hafa rétta hæð á stöfunum og halla

## Ritun:

Nemendur þjálfist í að skrifa texta frá eigin brjósti og eftir forskrift, sögubók

-**Atburðarblöð**

-**Verkefnabækur**

-**Ljóðagerð - rím**

## Talað mál, hlustun og áhorf:

Nemendur þjálfist í að tala skýrt og áheyrilega.

Geti hlustað á aðra af athygli og átt góð samskipti.

-**Umræður / samræður** í kennslustundum

-**Bekkjarfundir** eru haldnir u.þ.b. 1x í viku

-**Nestislestur**, kennari les fyrir nemendur

- **Lesum saman korter á dag**, lestrarátak í samvinnu við bókasafn

-**Litla upplestrarkeppnin**, nemendur eru þjálfaðir í framsögn og upplestri.

**Námsefni** : Lestrarbækur, bækur að eigin vali af bókasafni, Lesrún, Allt getur gerst, Skrift 3, ýmsar vinnubækur og spjaldtölvuverkefni.

## Námsmat

Lesferill: nemendur eru lestrarprófaðir 3x á skólaárinu

Vinna og virkni nemenda metin jafnóðum

Stuttar kannanir öðru hverju

Orðarún

## Spjaldtölvur

Gagnvirk verkefni á námsvef Snælandsskóla og á netinu

Snillismiðja

## VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

### Snæ - íslenska - 4.bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði
- sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið

### Snæ - íslenska - 4.bekkur - Lestur og bókmenntir

- lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum

### Snæ - íslenska - 4.bekkur - Ritun

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega

### Snæ - íslenska - 4.bekkur - Málfræði

- greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta